



Reglur um leikskólalþjónustu

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum borgarinnar. Þegar reglurnar gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla er það sérstaklega tekið fram. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. Innritun – opnunartími

1.a Innritun

Reykjavíkurborg starfrækir leikskóla. Á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is, er að finna lista yfir alla leikskóla borgarinnar í stafrófsröð og eftir hverfum.

Umsókn um leikskóla borgarinnar fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík, þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Leiðbeiningar um skráningu í Rafræna Reykjavík er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Miðað er við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fái boð um leikskóladvöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir.

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn eru skráð á biðlista við eins árs aldur og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári.

Foreldrar skulu sækja um að lágmarki tvo leikskóla fyrir barn sitt þegar um nýja umsókn er að ræða. Þegar sótt er um flutning á milli leikskóla innan Reykjavíkur, er foreldrum heimilt að sækja um einn eða fleiri leikskóla. ¹ Framangreint gildir ekki um þá sem sótt hafa um leikskóla fyrir 1. nóvember 2018.

Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

Frá og með aðalinnritunardegi leikskóla að vori, sem auglýstur er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, er ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í 21 dag en þá er unnið úr fyrirbyggjandi umsóknum um leikskóla.

¹ Vegna staðsetningar leikskólans Bergs, er gerð undantekning hvað þetta varðar.

Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst og á það við jafnt um almennar deildir og ungbarnadeildir. Þannig ganga börn sem innritast á ungbarnadeildir ekki framar eldri börnum á almennum deildum sjá þó undantekningu í gr. 4 um forgang. Það sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Á tilteknum leikskólum starfrækir Reykjavíkurborg sérstakar ungbarnadeildir. Börn, sem hefja dvöl á ungbarnadeildum, geta hafið leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast á ungbarnadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar.

Frá þessu er gerð sú undanþága að losni leikskólapláss á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. mars er heimilt, þrátt fyrir meginreglu 7. mgr. í grein 1a. um að kennitöluröð ráði innritun á leikskóla, að taka inn elsta barn á samsvarandi aldri við aldursbil barna á viðkomandi deild, að því tilskildu að eldri börn á biðlista viðkomandi leikskóla séu þegar með dagvistarúrræði í Reykjavík. Ef nýta á þessa heimild ber leikskólastjóra að sækja um leyfi til innritunar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Það sama gildir um sjálfstætt rekna leikskóla sem þó þurfa ekki að sækja um leyfi til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst rými í öðrum þeim leikskóla sem forsjármenn setja til vara. Það er skilyrði að eldra barnið eigi eftir a.m.k. sex mánuði af leikskólagöngu sinni þegar yngra barnið byrjar í leikskólanum. Það sama gildir fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 17:00 og börn geta dvalið í leikskólanum í fjórar til níu og hálf klukkustund að hámarki á dag.

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólar eru lokaðir á aðfangadag og gamlársgang. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólagjöld eru felld niður vegna virkra daga milli jóla og nýárs, vegna barna sem ekki sækja leikskóla á þeim tíma, enda hafa foreldrar sótt um niðurfellingu í Rafrænu Reykjavík fyrir 10. desember ár hvert.

Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi.

Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu virka daga til tuttugu virka daga.

1.c Innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla

Í Reykjavík eru sjálfstætt starfandi leikskólar og eru þeir með samning við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vegna vistunar reykvískra barna. Lista yfir sjálfstætt starfandi leikskóla er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is. Samningar

skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt starfandi leikskóla felur í sér að skóla- og frístundasvið greiðir framlag til þeirra vegna barna sem uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sjálfstætt starfandi leikskólar sjá sjálfir um innritun og innheimtu leikskólagjalda. Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

Skóla- og frístundasvið gerir ekki samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur vegna vistunar reykvískra barna. Framlag skóla- og frístundasviðs vegna vistunar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur fer eftir sérstöku samkomulagi sveitarfélaga, sjá nánar www.samband.is, enda uppfylli barn skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið:

innritun.leikskolar@reykjavik.is

Ekki er greitt framlag með börnum yngri en 18 mánaða í sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur en heimilt er að greiða sömu niðurgreiðslu og greidd er til dagforeldra sé öllum skilyrðum reglna um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum fullnægt. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið:innritun.leikskolar@reykjavik.is

Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því niðurgreiðsla fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrir en að uppsagnarfresti liðnum.

Nánari upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er að finna á vef skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.

2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að skóla- og frístundasviði er heimilt að segja upp leikskóladvöl yngra barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu. Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því skóla- og frístundasvið greiðir ekki framlag á nýjan stað fyrir en að uppsagnarfresti liðnum, þó að hámarki í einn mánuð miðað við uppsögn 1. eða 15. hvers mánaðar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu. Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskóladvölar í leikskólum borgarinnar og til framlags skóla- og frístundasviðs .

Foreldrar sem hyggjast flytja til Reykjavíkur geta sótt um leikskóla fyrir barn sitt. Barnið fer ekki á biðlista eftir leikskólaplássi nema foreldrar hafi sent tilkynningu á netfangið innritun.leikskolar@reykjavik.is um að flutningur til Reykjavíkur sé fyrirhugaður. Hafi leikskóla verið úthlutað án þess að lögheimili barnsins hafi verið flutt til Reykjavíkur verður lögheimilið að vera komið til Reykjavíkur eigi síðar en 7 dögum áður en leikskóladvöl á að hefjast. Réttur til leikskólans fellur niður á fyrirhuguðum upphafsdegi vistunar og öðru barni boðið plássið ef skilyrðum fyrir leikskóladvöl er ekki fullnægt.

Öll framangreind skilyrði eiga einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

2.a Undantekningar frá kröfu um lögheimili í Reykjavík og framlag skóla- og frístundasviðs til annarra sveitarfélaga vegna leikskólavaldar barna með lögheimili í Reykjavík.

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Börnum, sem flytja milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, er heimilt að dvelja áfram í leikskóla í því sveitarfélagi sem flutt er úr í allt að sex mánuði frá flutningi lögheimilis ef barn er á biðlista eftir leikskóla og ætla má að barnið hefji leikskólavöl í nýja sveitarfélaginu innan sex til tólf mánaða. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sé barn á lokaári í leikskóla eða ef barnið er fatlað og sú þjónusta sem barnið þarf á að halda er ekki fyrir hendi í nýja sveitarfélaginu geta tímamörk verið rýmri en sex mánuðir og þarf barn þá ekki að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sækja skal fyrirfram um slíka undanþágu á netfangið sfs@reykjavik.is. Fyrirkomulag þetta byggir á sérstöku samkomulagi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölskyldur sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið í Reykjavík við nám, barnavernd vegna barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fósturheimili í Reykjavík, fjölskyldur þingmanna og fjölskyldur erlendra sendiráða sem eru erlendir ríkisborgarar geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskólavöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið sfs@reykjavik.is og auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu skal framvísa skólavottorði þar sem við á.

Starfsfólk í leikskólum borgarinnar, sem er með lögheimili í öðrum sveitarfélögum geta ekki fengið leikskóla fyrir börn sín í leikskólum Reykjavíkurborgar

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Reykjavík við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólapláss í leikskólum borgarinnar, þó að hámarki í þrjá mánuði á ári hverju. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið. Gjald fyrir slíka þjónustu er u.þ.b. 50% af meðalraunkostnaði við leikskólavöl barna í leikskólum borgarinnar, sjá nánar gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 21/1990, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið sfs@reykjavik.is.

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Reykjavík með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Reykjavík.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Reykjavík.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram skráningarskírteini frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Reykjavíkurborg um að framfærsla og húsnæði umsækjenda um alþjóðlega vernd verði í höndum Reykjavíkurborgar.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Reykjavíkurborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Í öllum framangreindum tilvikum er það skilyrði að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

3. Flutningur milli leikskóla

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla. Sækja skal um hann í Rafræna Reykjavík. Þetta á einnig við um börn sem dvelja í sjálfstætt starfandi leikskólum og óska eftir flutningi í borgarrekinn leikskóla. Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Börn komast að eftir kennitölu, þau elstu fyrst sbr. þó 9.mgr. í gr.1.a.

4. Forgangur að leikskóla

Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Umsóknum um forgang skal skila á skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar á þar til gerðu eyðublaði eða senda á innritun.leikskolar@reykjavik.is. Það sama gildir fyrir sjálfstætt rekna leikskóla.

Umsókn um forgang að leikskóla fellur niður þegar barn hefur hafið dvöl í leikskóla eða þegar 6 mánuðir eru liðnir frá því að umsókn var lögð fram hafi barn ekki hafið dvöl innan þess tíma. Sé óskað eftir áframhaldandi forgangi skal sækja um hann að nýju. Skóla- og frístundasvið metur hvort endurnýja þarf vottorð sem fylgdi fyrri umsókn.

Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Í mjög brýnum undantekningatilfellum þar sem um skyndileg og alvarleg veikindi foreldra er að ræða eða í barnaverndarmálum er heimilt að víkja frá þeirri reglu að fengnu samþykki skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Sækja má um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar vegna:

I. Barna sem eru orðin 5 ára.

II. Fatlaðra barna og barna með skilgreind þroskafrávik.

Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.

III. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.

- a) Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
- b) Alvarleg veikindi, alvarleg fötlun eða alvarlegir félagslegir erfiðleikar hjá fjölskyldumeðlimum barnsins.
Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- c) Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
- d) Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
- e) Þrjúburar.

Liðir I. , II. og III hér að ofan gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.

IV. Barna starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Starfsmaður leikskóla getur sótt um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar fyrir barn sitt á þar til gerðu eyðublaði. Starfsmaður þarf að uppfylla skilyrði 2. gr. reglna um leikskólaþjónustu um skilyrði leikskóladvalar. Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að staðfesta umsókn.

Ekki er unnt að tryggja að starfsmaður haldi leikskólaplássi fyrir barn sitt hætti starfsmaður störfum eftir að hafa starfað í 12 mánuði eða færri í leikskóla Reykjavíkurborgar.

Ef starfsmaður er búinn að fá forgang eða vilyrði fyrir dvöl á leikskóla fyrir barn sitt og hættir störfum hjá leikskólum Reykjavíkur áður en barnið er byrjað í leikskólanum missir foreldrið forgang að leikskólaplássi og fer aftur á biðlista hafi röðin ekki verið komin að því vegna aldurs.

Starfsmenn leikskóla í launalausum leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna getur sótt um forgang fyrir barn sitt.

V. Barna starfsfólks í sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík

Sjálfstætt starfandi leikskólum er heimilt að veita starfsfólki sínu forgang að viðkomandi leikskóla að því gefnu að fullnægt sé skilyrðum 2.gr. reglna um leikskólaþjónustu um skilyrði leikskóladvalar.

5. Úthlutun leikskólaplássna, dvalarsamningur og uppsögn

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu ágúst - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássna fer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan fimm daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst, miðað við 1. eða 15. hvers mánaðar. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá skóla- og frístundasviðs og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal fara fram í gegnum Rafræn Reykjavík. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi.

6. Gjaldtaka

Reykjavíkurborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum Reykjavíkurborgar. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, svokallað námsgjald. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, svokallað fæðisgjald. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og systkinaafsláttar á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eins og hún er birt á heimasíðu sviðsins, www.skolarogfristund.is.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sjá 5. mgr. í gr. 2.a. Komi til þess að lögheimili barns verði flutt til Reykjavíkur á meðan leikskóladvöl stendur yfir breytist gjaldið frá þeim tíma er lögheimili flyst til Reykjavíkur til samræmis við almenna gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar vegna umsaminnar tímabundinnar dvalar á leikskólanum.

Flytjist lögheimili barns í leikskóla í Reykjavík til útlanda gildir framangreind gjaldskrá fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, frá þeim tíma er lögheimili flyst.

Gjaldskráin er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Gjaldskrá fyrir námsgjald er tvískipt:

Gjaldflokkur I = Hjón og sambúðarfólk.

Gjaldflokkur II = Hjón og sambúðarfólk þar sem bæði eru í námi, einstæðir foreldrar, öryrkjar og starfsmenn í leikskólum Reykjavíkurborgar. Sjá nánar í gr. 6.a, 6.b, 6.c. og 6.e.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn á leikskóla.

Afsláttur samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til leikskólastjóra leikskóla barnsins og öllum skilyrðum fullnægt. Þó er heimilt að leiðrétta leikskólagjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðrétting á sér stað.

Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

6.a Námsmannaafsláttur

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
- Eru í framhaldsskóla og uppfylla lánshæfnisskilyrði LÍN
- Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum Rafræna Reykjavík.

Sé skólavottorði ekki skilað með umsókn þarf það að hafa borist innan 14 daga frá því umsókn er lögð fram. Að öðrum kosti fellur umsóknin niður.

Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða.

Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN.

Eignist hjón eða sambúðarfólk, er notið hafa námsmannaafsláttar, barn, geta þau sótt um að fá námsmannaafslátt á meðan fæðingarorlof stendur, þó að hámarki í 9 mánuði þrátt fyrir að annað foreldrið uppfylli ekki framangreind skilyrði um lágmarksfjölda eininga á önn enda fylgi umsókn staðfesting frá fæðingarorlofssjóði um að það foreldri sem ekki uppfyllir skilyrði námsmannaafsláttar sé í fæðingarorlofi.

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem skólavottorðum er skilað.

Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.b Afsláttur til einstæðra foreldra

- Umsókn skal send í gegnum Rafræna Reykjavík og skal endurnýjuð fyrir 15. ágúst ár hvert. Foreldri sem greiðir námsgjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá, þ.e. barn þarf að vera skráð á sama fjölskyldunúmer og lögheimili og umsækjandi um afslátt af leikskólalagjöldum.
- Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á því að foreldrar séu einstæðir, s.s. að þeir undirriti staðfestingu þess efnis.
- Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er afsláttur veittur frá þeim degi sem umsókn berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins svo fremi að upplýsingar um breytta hjúskaparstöðu komi fram í þjóðskrá.

Foreldri með skráninguna „Hjón ekki í samvistum“ í þjóðskrá getur fengið afslátt af námsgjaldi til einstæðra foreldra þegar um undanfara skilnaðar er að ræða. Skila skal inn staðfestingu frá sýslumanni um að óskað hafi verið eftir leyfi til skilnaðar. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu frá foreldri á því að um undanfara skilnaðar sé að ræða, s.s. að það undirriti staðfestingu þess efnis. Afsláttur er ekki veittur sé lögheimili foreldra á sama stað. Afsláttur er veittur frá þeim degi sem framangreindum skilyrðum er fullnægt, að öðrum skilyrðum afsláttar til einstæðra uppfylltum, þ.m.t. að endurnýja skuli umsókn árlega fyrir 15. ágúst og afhenda leikskólastjóra í viðkomandi leikskóla. Afsláttur er ekki veittur til foreldris með skráninguna „Hjón ekki í samvistum“ í þjóðskrá, þegar um undanfara skilnaðar er að ræða, í lengri tíma en tvö ár. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

Afsláttur er veittur frá þeim degi er framangreindum skilyrðum er fullnægt. Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Unnt er að sækja um undantekningu frá framangreindu þegar foreldri getur tímabundið ekki fengið hjúskaparstöðu sína skráða í þjóðskrá sem einstætt foreldri.

Það er skilyrði að foreldri sækji um afslátt á þar til gerðu eyðublaði og afhendi leikskólastjóra í leikskóla barnsins og þjóðskrá síðan staðfesti með skráningu sinni að foreldrið hafi verið einstætt á þeim tíma sem um ræðir. Skóla- og frístundasvið leiðréttir leikskólagjöld afturvirk frá dagsetningu umsóknar sé öllum skilyrðum afsláttar til einstæðra fullnægt en þó að hámarki í sex mánuði.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.c Afsláttur vegna örorku

Foreldri sem er 75% öryrki eða er óvinnufært vegna sjúkdóma eða slysa og er í endurhæfingu til að komast aftur út á vinnumarkað fær afslátt af námsgjaldi.

- Umsókn og fylgigögn skulu send í gegnum Rafræna Reykjavík.
- Umsókn skal fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku eða staðfesting Tryggingastofnunar ríkisins á tímabili endurhæfingar.

Afsláttur reiknast frá þeim degi sem afrit örorkuskírteinis eða staðfesting Tryggingastofnunar ríkisins berst. **Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.d Systkinaafsláttur

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða til sjálfstætt starfandi leikskóla er veittur 100 % afsláttur af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/ýngsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum má sjá á www.skolarogfristund.is.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna hjá dagforeldrum má sjá á www.skolarogfristund.is.

6.e Afsláttur vegna barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar

Afslátt af námsgjaldi fá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu eyðublaði
- Eru að lágmarki í 70% starfi til að fá afslátt fyrir barn í heilsdagsvistun
- Eru að lágmarki í 50% starfi til að fá afslátt fyrir barn í hálf dagsvistun
- Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns hefur staðfest réttmæti umsóknar

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins. Afsláttur er ekki veittur afturvirkur, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Afsláttinn skal endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

Þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber viðkomandi að tilkynna skóla- og frístundasviði það með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs. Þegar starfsmaður kemur úr launalausum leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber starfsmanni að sækja um að afslátt að nýju.

Starfsmanni ber einnig að tilkynna leikskólastjóra í leikskóla barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að áhrif hafi á afslátt af leikskólagjöldum.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í leikskólum utan borgarinnar eða í sjálfstætt starfandi leikskólum fá framlag til lækkunar leikskólagjöldum enda uppfylli starfsmaður skilyrði starfsmannaafsláttar og sækir um afsláttinn. Fjárhæð afsláttar er sú sama og vegna barna starfsmanna leikskóla Reykjavíkur í leikskólum Reykjavíkurborgar. Afsláttur gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði en greiðist gegn framvísun reikninga vegna leikskólagjalda eða staðfestingu frá sveitarfélagi, þar sem fram koma upplýsingar um vistunartíma og dvalartímabil. Starfsmaður skal skila gögnum að lágmarki einu sinni á ári. **Afsláttur er ekki veittur afturvirkur, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Hafi starfsmaður fengið afslátt af leikskólagjöldum þegar ekki var réttur til afsláttar áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til að krefjast greiðslu vangreiddra leikskólagjalda afturvirkur.

6.f Veikindi barns

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknavottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa skóla- og frístundasvið um að barnið hafi hafið leikskóladvöl að nýju. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta leikskólagjöld afturvirkur komi í ljós að ekki hafi verið greitt fullt gjald eftir að barn hóf leikskólagöngu að nýju.

7. Sérkennsla

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis sérkennslu skóla- og frístundasviðs.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

8. Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings

Unnt er að greiða leikskólagjöld með boðgreiðslum, beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram. Ef greiðandi vill fá senda greiðsluseðla þarf hann að hafa samband við þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111 og óska eftir að fá greiðsluseðla senda, að öðrum kosti birtist hann einungis í heimabanka. Ef greiðandi vill greiða með beingreiðslum þarf hann að hafa samband við viðskiptabanka sinn.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Leikskólagjöld eru þó ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis. Ef leikskólanum er ekki lokað eða er lokaður skemur en tuttugu virka daga, falla leikskólagjöld niður þann tíma sem leikskólinn er lokaður og einnig þegar barnið tekur sumarleyfi, þó aldrei meira en tuttugu virka daga samtals en öll börn skulu taka tuttugu virka daga í sumarleyfi. Sé leikskóla lokað í lengri tíma eru ekki innheimt leikskólagjöld fyrir þann tíma er lokun varir.

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður. Sumarleyfistími leikskóla er frá 15. maí til 15. september ár hvert.

Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi með þeim hætti sem fram kemur í 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

8.a Innheimtuferill vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtulegum Reykjavíkurborgar.

Séu leikskólagjöld enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf .

Hafi krafa ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um skuldina þar.

Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

8.b Uppsögn leikskóladvalar og verklagsreglur vegna vanskila foreldra.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.

Skv. verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn er hægt að fá uppsögn frestað að nánari skilyrðum uppfylltum. Starfsfólk skóla- og frístundasviðs leiðbeinir foreldrum

um að leita úrlausna á Þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, sjá nánar í verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn.

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólapláss í tvo mánuði er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

9. Lagareglur og kæruleiðir

Leikskólar Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs og sjálfstætt starfandi leikskóla um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs um gjaldtöku fyrir barn á leikskóla er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðila máls er heimilt að kæra til innanríkisráðuneytis ákvarðanir skóla- og frístundasviðs er kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

10. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 2009.

Samþykkt á fundi leikskólaráðs 23. september 2009

Breytingar:

- 2. mgr. 1. gr. c um niðurgreiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. janúar 2010.
- 6. gr. a um rétt til afsláttar vegna fjarnáms kennaranáms heldur gildi sínu út skólaárið 2009 til 2010.
- 6. gr. b. um umsókn einstæðra foreldra tekur gildi 1. janúar 2010. Núgildandi afslættir einstæðra af leikskólagjöldum falla úr gildi frá þeim tíma hafi foreldri ekki skilað umsókn til leikskólastjóra.
- Grein 4. liður III tekur gildi 1. apríl 2010 og gildir fyrir öll börn starfsmanna sem þegar hafa fengið forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar. Starfsmenn sem þegar hafa fengið forgang þurfa ekki að sækja um að forgang að nýju.
- Grein 6.f tekur gildi 1. apríl 2010. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allir afslættir starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar nema um þá hafi verið sótt að nýju á þar til gerðu eyðublaði.
- 4. gr. liður I um forgang 4-5 ára barna tekur gildi 17. mars 2010.
- 6.gr. 1. mgr. um að gjaldflokkur II þar sem annað foreldri er í námi falli út tekur gildi 1. janúar 2011.
- 6.d. 1. mgr. um að veittur sé 75% afsláttur vegna annars barns tekur gildi 1. janúar 2011.
- 6.gr. e um afslátt fyrir börn í elsta árgangi fellur brott 1. september 2011.
- 4. gr. IV um brottfall starfsmannaforgangs tekur gildi 1. apríl 2011.
- 5. og 6. mgr. í 2.gr., 2. og 5. mgr. í gr. 2.a taka gildi 1. febrúar 2011, 3 mgr. í gr. 2.a. tekur gildi 1. apríl 2011.
- 2. mgr. í 4. gr., 4. gr. III b), 9. og 10. mgr. 6. gr., 2. mgr. í gr. 6.a, 3. og 4. mgr. í gr. 6.b taka gildi 1. febrúar 2011.
- 2. og 3. mgr. 8. gr. falla brott og ný 2., 3. og 4. mgr. 8. gr. tekur gildi 1. júní 2011.
- 2. mgr. gr. 1.b um að starfsdögum verði fjölgað úr fimm í sex tekur gildi 1. júní 2012. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 21. mars 2012 og í borgarráði 29. mars 2012.
- Tilvísunum til leikskólasviðs breytt í skóla- og frístundasvið frá 1. mars 2013.
- 3. og 4. mgr. gr. 1. b breytt með þeim hætti að skylt er að börn fái tuttugu virka daga í sumarleyfi og að leikskóli loki samfellt í tíu virka daga í stað tveggja vikna, til tuttugu virkra daga í stað fjögurra vikna áður, tekur gildi 1. mars 2013.
- 2. mgr., gr. 1.c varðandi greiðslur skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. september 2013.
- Í 1. mgr. 2. gr. er gert að skilyrði fyrir leikskóladvöl að foreldrar barns séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Áður máttu vanskil ekki vera við leikskólasvið. Tekur gildi 1. mars 2013.
- Í 1.mgr. gr. 2.a er áréttað að leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, tekur gildi 1. september 2013.
- Í 2. mgr. gr. 2.a er áréttað að barn verður að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi til að heimilt sé að hafa barn áfram í leikskóla í Reykjavík þrátt fyrir flutning lögheimilis frá Reykjavík ef ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan sex til 12 mánaða en áður var viðmiðið sex mánuðir. Tekur gildi 1. mars 2013.
- Í 3. mgr. gr. 2.a er bætt við málsgrein um að barnavernd geti sótt um leikskólapláss fyrir barn með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fósturheimili í Reykjavík gegn því að lögheimilissveitarfélag barnsins samþykki að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði áður en leikskóladvöl hefst. Tekur gildi 1. mars 2013.

4. gr. IV varðandi forgang starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.

4. og 5. mgr. 6. gr. varðandi gjaldskrá barna með erlent lögheimili sem flutt er til Íslands eða barna með lögheimili á Íslandi sem flutt er erlendis tekur gildi 1. mars 2013.

3. mgr. 6.gr. a varðandi námsmannaafslátt í fæðingarorlofi tekur gildi 1. mars 2013.

Gr. 6.c um afslátt á grundvelli endurhæfingarlífeyrisskírteinis tekur gildi 1. mars 2013.

Í gr. 6. d er áréttað að veittur er afsláttur fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini. Tekur gildi 1. mars 2013.

5. mgr. og 6. mgr. 6.gr. e varðandi afslátt til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.

Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 6. febrúar 2013 og í borgarráði 21. febrúar 2013.

5. mgr. í gr. 6.b. varðandi afslátt til foreldris með skráninguna „hjón ekki samvistum“ þegar um undanfara skilnaðar er að ræða tekur gildi 1. maí 2013. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 10. apríl 2013 og í borgarráði 18. apríl 2013.

6. til 11. mgr. í gr. 2.a varðandi leikskóla fyrir börn sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis tekur gildi 1. janúar 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 3. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014.

8. mgr. 6. gr. áréttung um sama lögheimili og fjölskyldunúmer tekur gildi 12. janúar 2015

Gr. 6.e varðandi afslátt starfsmanna í launalaus leyfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.

Gr. 4 IV. varðandi forgang starfsmanna leikskóla í launalaus leyfi á grunvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.

Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 5. nóvember og í borgarráði 8. janúar 2015.

1.mgr. gr. 1.b varðandi opnunartíma leikskóla úr 17:30 í 17:00 tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 25. febrúar 2015 og borgarráði 4. mars 2015.

Gr. 1a. varðandi systkinatillit tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 24. júní 2015 og borgarráði 2. júlí 2015.

Í 3. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýjum málslið sem verður 2. málsliður og í 6. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýrri málsgrein varðandi ungbarnadeildir. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 11. apríl 2018 og í borgarráði 26. apríl 2018.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. október 2018 og í borgarráði 15. nóvember 2018, og 17. janúar 2019.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. apríl 2019 og í borgarráði 2. maí 2019.

Samþykkt í borgarráði 3. febrúar 2011.